

1990 nr. 113 28. desember**Lög um tryggingagjald**

Tóku gildi 31. desember 1990, komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 20. gr. Breytt með l. 111/1992 (tóku gildi 31. des. 1992; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 45. gr.), l. 122/1993 (tóku gildi 1. jan. 1994; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 38. gr.), l. 74/1994 (tóku gildi 1. maí 1994; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 2. gr.), l. 32/1995 (tóku gildi 1. apríl 1995; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 4. gr.), l. 141/1995 (tóku gildi 1. jan. 1996; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 6. gr.), l. 156/1996 (tóku gildi 1. jan. 1997; a-liður 1. gr. kom til framkvæmda skv. fyrirmælum í 4. gr.), l. 66/1997 (tóku gildi 1. júlí 1997), l. 130/1997 (tóku gildi 1. jan. 1998 nema 12. gr. sem tók gildi 30. des. 1997), l. 148/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999), l. 84/2000 (tóku gildi 1. ágúst 2000), l. 95/2000 (tóku gildi 6. júní 2000; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 36. gr.), l. 102/2000 (tóku gildi 6. júní 2000), l. 156/2000 (tóku gildi 1. jan. 2001; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 2. gr.), l. 34/2002 (tóku gildi 7. maí 2002), l. 51/2002 (tóku gildi 1. júlí 2002), l. 65/2002 (tóku gildi 17. maí 2002), l. 134/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003), l. 121/2003 (tóku gildi 1. jan. 2004) og l. 90/2004 (taka gildi 1. jan. 2005; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 14. gr.).

I. kafli. Almenn ákvæði.*Upphafsaákvæði.*

■ **1. gr.** Launagreiðendur skulu inna af hendi sérstakt gjald, tryggingagjald, af greiddum vinnulaunum, þóknunum, reiknuðu endurgjaldi og öðrum tegundum greiðslna og launa eftir því sem nánar segir í lögum þessum.

□ [Tryggingagjald samkvæmt lögum þessum er samsett af tveimur gjöldum, almennu tryggingagjaldi og atvinnutryggingagjaldi.]¹⁾

□ Tryggingagjald skal innheimt samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og lagt á með opinberum gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

¹⁾ L. 141/1995, 1. gr.

*Hundraðshluti tryggingagjalds.*¹⁾

¹⁾ Hlutfallstölum greinarinnar var breytt með l. 90/2004 og tekur breytingin gildi 1. jan. 2005, sbr. 14. gr. s.l.

■ **2. gr.** [Atvinnutryggingagjald skal vera [0,8%]¹⁾ af gjaldstofni skv. III. kafla.

□ Fyrir lok október ár hvert skal Atvinnuleysistryggingasjóður gefa fjármálaráðherra skýrslu um fjárhagslega stöðu sjóðsins þar sem gerð verði grein fyrir fyrirsjáanlegum útgjöldum á næsta fjárhagsári með hliðsjón af [horfum]²⁾ um atvinnuleysi og öðrum atriðum sem áhrif hafa á fjárhagslega stöðu sjóðsins. Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta atvinnutryggingagjalds skal fjármálaráðherra flytja frumvarp þar að lútandi á Alþingi.]³⁾

□ [Almennt tryggingagjald skal vera 4,84% af gjaldstofni skv. III. kafla.]⁴⁾

□ ...⁵⁾

¹⁾ L. 95/2000, 37. gr. ²⁾ L. 51/2002, 2. gr. ³⁾ L. 141/1995, 2. gr. ⁴⁾ L. 134/2002, 1. gr. ⁵⁾ L. 121/2003, 1. gr.

*Ráðstöfun tryggingagjalds.*¹⁾

¹⁾ Greininna var breytt með l. 90/2004 og tekur breytingin gildi 1. jan. 2005, sbr. 14. gr. s.l.

■ **3. gr.** [Tekjur af atvinnutryggingagjaldi skulu renna til Atvinnuleysistryggingasjóðs. [Þó skulu tekjur af atvinnutryggingagjaldi vegna reiknaðs endurgjalds þeirra sem falla undir gildissvið laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga renna í hlutaðeigandi deild þess sjóðs.]¹⁾

□ [Tekjum af almennu tryggingagjaldi skal ráðstafað sem hér segir:

1. Vinnueftirlit ríkisins fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,08% af gjaldstofni skv. III. kafla. Þetta hlutfall skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðherra setur í samráði við stjórn stofnunarinnar fyrir eitt ár í senn.

2. Staðlaráð fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,007% af gjaldstofni skv. III. kafla.

3. Icepro fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,001% af gjaldstofni skv. III. kafla.

4. Fæðingarorlofsjóður fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,85% af gjaldstofni skv. III. kafla.

5. Tekjur af almennu tryggingagjaldi umfram það sem ákveðið er í 1.–4. tölul. renni til Tryggingastofnunar ríkisins til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almanna-trygginga eftir reglum sem fjármálaráðherra setur með reglugerð.]²⁾

□ Um hlutdeild opinberra byggingarsjóða í almennu tryggingagjaldi fer eftir ákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, svo og ákvæðum lánsfjárlaga og fjárlaga hverju sinni.]³⁾

¹⁾ L. 66/1997, 1. gr. ²⁾ L. 95/2000, 37. gr. ³⁾ L. 141/1995, 3. gr.

II. kafli. Gjaldskyldir aðilar.*Almennt.*

■ **4. gr.** Gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum telst hver sá aðili sem innir af hendi eða reiknar greiðslur sem teljast laun skv. III. kafla.

□ Gjaldskyldan tekur til allra launagreiðenda, svo sem einstaklinga, félaga, sjóða og stofnana, sveitarfélaga og stofnana þeirra, ríkissjóðs, ríkisstofnana, erlendra verktaka og annarra þeirra aðila sem greiða laun eða hvers konar þóknunir fyrir starf. Enn fremur til allra þeirra sem vinna við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi.

□ Ef milligöngumaður annast launagreiðslur skal hann gegna skyldum gjaldskylds aðila varðandi skil og greiðslur samkvæmt lögum þessum. Sama gildir um umboðsmann sem um ræðir í 2. mgr. 2. tölul. 71. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

□ [Hafi Tryggingastofnun ríkisins fallist á umsókn um almannatryggingar hér á landi skv. 9. gr. b laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skal heimilt að taka við greiðslu tryggingagjalds og fullnægja þannig skilyrðum almannatryggingalaga um greiðslu þess. Ríkisskattstjóra er heimilt að setja reglur um upplýsinga- og skýrslugjöf og eftir atvikum reglur um rafræn skil samkvæmt þessari málsgrein.]¹⁾

¹⁾ L. 134/2002, 2. gr.

Aðilar undanþegnir gjaldskyldu.

■ **5. gr.** Eftirtaldir aðilar eru undanþegnir tryggingagjaldi:

1. ...¹⁾

2. Erlendir þjóðhöfðingjar.

3. Sendiráð og sendiherrar erlendra ríkja, sendiráðismenn og erlendir starfsmenn við sendiráð.

□ Þeir sem taldir eru í 2. og 3. tölul. eru þó ekki undanþegnir gjaldskyldu af launum sem þeir kunna að greiða vegna atvika sem mundu skapa þeim skattskyldu hér á landi til tekjuskatts og eignarskatts.

¹⁾ L. 84/2000, 6. gr.

III. kafli. Gjaldstofn.*Almennt.*

■ **6. gr.** Stofn til tryggingagjalds er allar tegundir launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnist, sem skattskyld eru skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981. Ekki skiptir máli í hvaða gjaldmiðli galdið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum, vöruúttekt eða vinnuskiptum. [Til stofns telst enn fremur endurgjald sem ber að reikna manni sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.]¹⁾

□ Gjaldstofn manns [vegna staðgreiðslu tryggingagjalds]²⁾ sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafn fjárhæð reiknaðs endurgjalds sem hann telur sér til tekna eða bar að telja sér til tekna skv. 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Sama á við um reiknað endurgjald maka hans og barna innan 16 ára aldurs á tekjuárinu.

□ [Gjaldstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sbr. 59. gr. þeirra laga. Gjaldstofn þessi skal þó eigi vera lægri en [748.224]³⁾ kr. miðað við heilt ár. . . .³⁾]²⁾

¹⁾ L. 65/2002, 1. gr. ²⁾ L. 122/1993, 36. gr. ³⁾ L. 141/1995, 4. gr.

Laun o.þ.h.

■ **7. gr.** Til gjaldstofns skv. 6. gr. teljast meðal annars:

1. [Hvers konar laun og þóknunir, þar með talið ákvæðislaun, biðlaun, nefndarlaun, stjórnarlaun, launauppbætur, staðaruppbætur, orlofsfé og greiðslur fyrir ónotað orlof og framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð . . .¹⁾]²⁾

2. Verkfærpeningar, flutningspeningar, fæðispeningar og þess háttar greiðslur.

3. Ökutækjastyrkir og dagpeningar. [Þó skal ekki telja til gjaldstofns greiðslur dagpeninga sem heimilt er að halda utan staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og reglugerðum og starfsreglum sem settar eru með stöð í þeim lögum.]²⁾

4. Gjafir og risnufé sem teljast kaupuppbót og eftirgjöf lána sem telja má að komi í launa stað.

5. Laun eða þóknunir fyrir störf unnin erlendis, greidd af íslenskum aðilum til manna sem eru heimilisfastir hér á landi.

¹⁾ L. 156/1996, 3. gr. ²⁾ L. 111/1992, 44. gr.

Hlunnindi.

■ **8. gr.** Til tryggingagjaldsskyldra hlunninda telst meðal annars fæði, húsnæði, fatnaður, bifreiðaafnot o.þ.h. Hlunnindi þessi skal reikna til gjaldstofns á sama verði og þau eru metin til tekna samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra. Önnur hlunnindi skulu metin til peninga eftir gangverði á hverjum stað og tíma.

Undanþágur frá gjaldstofni.

■ **9. gr.** Undanþegnar tryggingagjaldi eru eftirtaldar greiðslur:

1. Eftirlaun og lífeyrir sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir, enda starfi lífeyrissjóðurinn eftir reglum sem fjármálaráðherra samþykkir og sjóðurinn sé háður eftirliti fjármálaráðuneytisins.

2. Aðrar bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, þar með talið fæðingarorlof, svo og slysa- og sjúkradagpeningar úr sjúkrasjóðum stéttarféлага.

3. Bætur tryggingafélaga vegna atvinnutjóns af völdum slysa.

4. Atvinnuleysisbætur.

5. Greiðslur úr ríkissjóði vegna ríkisábyrgðar á launum.

[6. Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði vegna fæðingarorlofs, svo og greiðslur launagreiðanda vegna fæðingarorlofs, þó ekki hærrí fjárhæð en sem nemur þeim hluta slíkra greiðslna sem launagreiðandinn fær endurgreiddan úr Fæðingarorlofssjóði.]¹⁾

¹⁾ L. 156/2000, 1. gr.

IV. kaffi. Staðgreiðsla tryggingagjalds.

Greiðslutímabil o.fl.

■ **10. gr.** Greiðslutímabil tryggingagjalds er almanaxmán-

uður nema annað sé tekið fram í lögum þessum. Gjaldldagi tryggingagjalds er 1. hvers mánaðar vegna launa næstliðins mánaðar og eindagi 14 dögum síðar. Hafi gjaldandi eigi greitt á eindaga skal hann greiða dráttarvexti frá og með gjalddaga. Álag skv. 1. tölul. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, reiknast ekki.

□ Gjaldskyldur aðili skal ótilkvaddur greiða tryggingagjald til innheimtumanns ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra.

□ Ríkisskattstjóri ákveður hvað skuli koma fram í skilagreinum og greiðsluskjölum og ákveður gerð þeirra. Um skilagreinar, svo og um yfirferð, áætlun og tilkynningar skattstjóra á staðgreiðsluári, gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Upplýsingar, eftirlit, viðurlög o.fl.

■ **11. gr.** Ákvæði laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, skulu gilda um upplýsingar og eftirlit, viðurlög og málsmeðferð tryggingagjalds að því er varðar skil þess á staðgreiðsluári. Skulu ákvæði þeirra laga m.a. taka til dráttarvaxta, áætlunar gjaldstofns og innheimtu vanskilafjár, þar með talið lögtaksréttar, stöðvunar atvinnurekstrar, refsinga, opinberra rannsóknar og fyrningar gjaldkröfu.

V. kaffi. Álagning tryggingagjalds.

Árleg tryggingagjaldsframtöl, álagning, endurskoðun gjalds, kerur, innheimta o.fl.

■ **12. gr.** Allir, sem skyldir eru til að greiða tryggingagjald samkvæmt lögum þessum, skulu, að staðgreiðsluári liðnu, senda skattstjóra árlega sérstakt launaframtal, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, innan þess frests sem settur er um skil launaskýrslna þeirra er greinir í 92. gr. laga nr. 75/1981.

□ Á launaframtal skal launagreiðandi færa launagreiðslur næstliðins árs og aðrar upplýsingar og sundurliðanir sem ríkisskattstjóra þykir við þurfa til ákvörðunar tryggingagjalds og form eyðublaðsins segir til um.

□ [Vegna tryggingagjalds á reiknað endurgjald manns sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, maka hans og barna skal stofn gjaldsins vera sú fjárhæð sem greinir í 3. mgr. 6. gr. Er ekki skylt að gera sérstaka grein fyrir fjárhæðinni á launaframtali. Skipta skal gjaldstofni ársins jafnt á öll geiðslutímabil þess nema önnur skipting komi greinilega fram í skattgögnum gjaldanda.]¹⁾

□ Við álagningu opinberra gjalda skal skattstjóri ákvarða tryggingagjald gjaldskylds aðila samkvæmt launaframtali hans að gerðum þeim breytingum og leiðréttingum sem gera þarf á því.

□ Tryggingagjald skal birt í álagningarskrá, sbr. 98. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

□ Gjaldldagi ógreidds tryggingagjalds, sem skattstjóri ákvarðar vegna hlunninda, og tryggingagjalds, sem undanþegið er staðgreiðslu, er 1. ágúst ár hvert og eindagi mánuði síðar.

□ [Launaframtal félaga sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skv. 11. gr. A laga um ársreikninga skal byggjast á upprunalegum fjárhæðum í íslenskum krónum eða umreiknuðum fjárhæðum á daggengi.]²⁾

¹⁾ L. 32/1995, 2. gr. ²⁾ L. 34/2002, 2. gr.

Vangreitt tryggingagjald.

■ **13. gr.** Skattstjórar skulu kanna skil þeirra sem greiða áttu tryggingagjald, m.a. með samanburði við laun í staðgreiðslu, launaframtöl, launamiða, skattframtöl, ársreikninga og önnur

gögn sem fyrir hendi eru. Þeir skulu síðan leiðrétta það sem áfátt kann að reynast og ákvarða vangreitt tryggingagjald og senda tilkynningu þar um til gjaldanda og innheimtumanns.

□ Komi í ljós að aðili, sem greitt hefur laun sem greiða skal tryggingagjald af, hafi vanrækt greiðslu gjaldsins að hluta eða öllu leyti, eða ofgreitt tryggingagjaldið eða ekki skil- að launaframtali, skal skattstjóri ákvarða tryggingagjald fyrir hvert einstakt greiðslutímabil. Skal ákvarða gjaldanda dráttarvexti af vangreiddu tryggingagjaldi frá og með gjalddaga þess í samræmi við vaxtalög, nr. 25/1987. Á ofgreiðslu reiknast vextir í samræmi við ákvæði 2. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

□ [Hafi innheimtumaður hafið aðför vegna vangoldinnar staðgreiðslu tryggingagjalds skulu þau aðfararúrræði sem innheimtumaður hefur gripið til halda lögformlegu gildi sínu eftir álagningu tryggingagjalds vegna þess hluta kröfunnar sem rekja má til vangoldinnar staðgreiðslu.

□ Séu ekki gerð fullnægjandi skil á álöögðu eða endurákvörðuðu tryggingagjaldi innan 15 daga frá eindaga er innheimtumanni heimilt með aðstoð lögreglu að stöðva atvinnurekstur launagreiðanda með innsigli á starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur þar til full skil hafa farið fram.¹⁾

¹⁾ L. 134/2002, 3. gr.

Endurákvörðun tryggingagjalds, kærur o.fl.

■ **14. gr.** Séu skil gjaldanda í einstökum atriðum eða í heild ófullnægjandi, tortryggileg eða sýnilega gerð til málamynda skal við álagningu, sbr. 3. mgr. 12. gr., og við endurákvörðun beita ákvæðum laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við getur átt um slík tilvik. Ákvæði þeirra laga skulu og gilda, eftir því sem við á, um álagningu, rannsókn, kærur út af skattákvörðun, kærufresti, úrskurði, áfrýjun úrskurða og annað þar að lútandi. Sömu reglur skulu gilda, eftir því sem við á, ef gjaldandi, sem lagt skyldi á, hefur fallið af skrá eða honum ekki gert að greiða tryggingagjald af öllum gjaldstofninum.

Tryggingagjald ársmanna o.fl.

■ **15. gr.** Nú reiknar maður sér endurgjald eða greiðir laun til annarra, þannig að reiknaða endurgjaldið og launin nema samtals lægri fjárhæð en 30.000 kr. að meðaltali á mánuði, og er honum þá heimilt, í stað þess að skila mánaðarlega í

samræmi við 10. gr., að senda skilagrein ásamt greiðslu á gjalddaga þess mánaðar þegar samanlagt reiknað endurgjald og greidd laun til annarra ná 360.000 kr. en eftir það á hverjum gjalddaga vegna þess árs.

□ Ef reiknað endurgjald eða greidd vinnulaun til annarra ná eigi til samans 360.000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt, í stað þess að skila mánaðarlega í samræmi við 10. gr., að senda skilagrein ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir desember væri að ræða.

□ Fjárhæðir í 1. og 2. mgr. eru grunnfjárhæðir og breytast í samræmi við verðbreytingarstuðul ríkisskattstjóra skv. 26. gr. laga nr. 75/1981, í fyrsta sinn fyrir árið 1992. Reiknast þær í heilum þúsundum króna þannig að lægri fjárhæð en þúsund krónum er sleppt.

Dráttarvaxtaútreikningur.

■ **16. gr.** Á tryggingagjald vegna launa og hlunninda, sem undanþegin eru staðgreiðslu, reiknast dráttarvextir eftir almennum reglum frá og með gjalddaga 1. ágúst ár hvert ef ekki er greitt fyrir eindaga.

VI. kafli. Ýmis ákvæði.

Frádráttarbærni tryggingagjalds.

■ **17. gr.** Tryggingagjald telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að því leyti sem það er ákvarðað af launum sem teljast rekstrarkostnaður samkvæmt sömu grein.

Setning reglugerðar.

■ **18. gr.** Ráðherra getur með reglugerð¹⁾ sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ Rg. 13/2003.

Brottfall lagaákvæða o.fl.

■ **19. gr.** Ákvæði laga þessara koma í stað þeirra ákvæða ... laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, er fela í sér ákvörðun gjaldstofns og gjaldtöku af launagreiðendum sem miðast við launagreiðslur eða launatímabil.

■ **20. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda vegna launagreiðslna frá og með 1. janúar 1991. ...

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.–II.** ...